

Lífið er læsi

Læsisstefna
Sveitarfélagsins
Árborgar 2017



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Efnisyfirlit

Lífið er læsi	3
Læsi í leikskólum Árborgar	4-6
1. bekkur	7
2. bekkur	8
3. bekkur	9
4. bekkur	10
5. bekkur	11
6. bekkur	12
7. bekkur	13
8. bekkur	14
9. bekkur	15
10. bekkur	16
Hlutverk nemenda í læsi	17
Hlutverk foreldra í læsi í leikskóla og grunnskóla	17
Tengsl málþroska við lestur	17
Tvítýngdir nemendur	18
Orðskýringar	19
Heimildir og stuðningsrit	19



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Læsisstefna Sveitarfélagsins Árborgar
© Fræðsluvið 2017

Læsisstefnan er prentuð í takmörkuðu upplagi en er einnig gefin út á rafrænu formi og miðlun fer fram í gegnum vefsíðuna www.arborg.is
Prófarkalestur: Ásmundur Sverrir Pálsson
Ljósmyndir: Anna Inga Óttir, Hrunn Harðardóttir og úr myndasafni skólanna
Umbrot: Davíð Þór Guðlaugsson

Lífið er læsi

Við gerð læsisstefnu Árborgar hefur verið lögð áhersla á að margir leggi hönd á plóg í anda hugmyndafræði lærdómssamfélagsins. Í skólastefnu Árborgar 2013-2016 er lögð áhersla á að nám nemenda efla hæfni þeirra og þroska þannig að þeir nýti hæfileika sína sér og samfélaginu til heilla.

Vinna faghópa í skólum sveitarfélagsins og öflugt þróunarstarf síðastliðin 2 – 3 ár er grunnur læsisstefnunnar. Tekið er mið af gildandi aðalnámskrám fyrir leik- og grunnskóla, skólastefnu Árborgar 2013–2016, Hvítbók um umbætur í menntun og Þjóðarsáttmála um læsi sem gerður var milli mennta- og menningarmálaráðherra, Sveitarfélagsins Árborgar og Heimilis og skóla, landsamtaka foreldra. Með undirritun sáttmálans staðfestum við sameiginlegan skilning á því að læsi í víðum skilningi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu. Hver og einn getur þannig nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Stefnt er að því að 90% barna geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar sem felur í sér lestur, talað mál, ritun og hlustun. Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi snýst um samband orðanna við lífið sjálft og flest það sem við tökum okkur fyrir hendur.

Nauðsynlegt er að viðhalda og þróa lestrarfærni alla skólagönguna. Einnig þurfa áherslur í námi og kennslu að leggja grunn að ánægjulegri upplifun af lestri. Ef tekst að kveikja neista lestraránægju og viðhalda honum frá leikskólaaldri og út skólagönguna er stuðlað að árangursríku og farsælu læsi barna og ungmenna. Liður í því er að beita snemmtækri íhlutun í leik- og grunnskólum og bregðast jafnóðum við vísbendingum um lestrarvanda. Ef það er ekki gert geta lestrarerfiðleikar komið niður á námsárangri nemenda og haft áhrif á hegðun þeirra og líðan. Nýta þarf vel þá sérfræðiþekkingu sem hver skóli og skólaþjónusta sveitarfélagsins býr yfir til ráðgjafar, skimana, greininga og eftirfylgni. Veita þarf nemendum af erlendum uppruna sérstakan stuðning með það fyrir augum að þeir nái virku tvítýngi og sömu viðmiðum í læsi og aðrir nemendur.

Í læsisstefnu Árborgar er fjallað um megináherslur og markmið í læsi. Hver skóli útfærir leiðir með fjölbreytilegum og einstaklingsmiðuðum kennsluáferðum. Hér eru meðal annars sett fram ýmis viðmið um málþroska, hljóðkerfisvitund, orðaforða, leshraða og lesskilning. Lögð er áhersla á að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna í samvinnu við skólana og foreldrafélögin í Árborg með það að leiðarljósi að skapa jákvæða skólaþróun og skapa besta mögulega námsárangur nemenda og velferð.

Í framhaldi af vinnu faghópanna í skólunum var settur saman hópur fulltrúa úr leik- og grunnskólunum sem hittist nokkrum sinnum skólaárið 2015-2016. Hópurinn raðaði saman upplýsingum úr skólunum í eina stefnu sem nú lítur dagsins ljós.

Á mörkum leik- og grunnskóla fylgja nemendum gögn þar sem upplýsingar um stöðu á Hljóm-2 prófi o.fl. koma fram. Upplýsingar frá leikskólunum eru nýttar við skipulag lestrarkennslu í grunnskólunum. Eins skila grunnskólarnir niðurstöðum til leikskólanna úr þeim skimunum sem fara fram í 1. bekk sem leikskólarnir nýta við skipulag á sínu starfi.

Læsisstefnan Lífið er læsi þarf að vera lifandi skjal sem endurskoðað þarf reglulega, eða a.m.k. á þriggja ára fresti.

Selfossi, 12. janúar 2017
Fræðslunefnd Árborgar

LÆSI Í LEIKSKÓLUM ÁRBORGAR

Grunnþáttur	Tilfinningalæsi, leikur og samskipti	Orðaforði	Mál- og hlustunarskilningur	Hljóðkerfisvitund	Leikur með stafi og hljóð	Umhverfislæsi
Tímasetning	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Markmið og leiðir	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Nemendur tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta í öllum aðstæðum Ýta undir frásagnarhæfni nemenda og virka hlustun Efla félagsfærni Starfsfólk er meðvitað um að vera góðar fyrirmyndir í samskiptum og tjáningu Skapa tíma og rými fyrir frjálsan leik Lesi í óyrnt samskipti 	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Unnið með orðaforða í gegnum leik og allar daglegar athafnir. Allt starfsfólk meðvitað um að nota rétt og fjölbreytt mál við nemendur Auka blæbrigði 	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Spilastundir Samræður í öllum athöfnum daglegs lífs Óyrnt samskipti 	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Grípa tækifærin á hverjum degi í öllum stundum dagsins Í leikskólanum er fjölbreytt starf þar sem hljóðkerfisvitund er þjálfuð í skipulögðu starfi, leik og útivist Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur Leikur með orð 	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Myndrænt skipulag Nöfn nemenda sýnileg Hljóð, myndir og stafir settir á vegg, húsgögn eða aðra hluti Spilastundir 	<ul style="list-style-type: none"> Leikur Málörvun Samverustundir Lestrarstundir Samræður Söngstundir Setja orð á alla hluti Vettvangsferðir Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur Virðing fyrir lífi og náttúru Fjölmenningarlegt umhverfi Kynnast nærumhverfi
Þátttaka	Allir nemendur í leikskólanum	Allir nemendur í leikskólanum	Allir nemendur í leikskólanum	Allir nemendur í leikskólanum	Allir nemendur í leikskólanum	Allir nemendur í leikskólanum
Fyrirlögn	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla 	<ul style="list-style-type: none"> Deildarstjóri Kennarar og annað starfsfólk leikskóla
Viðmið til íhlutunar	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2	Ef þörf er á íhlutun er hún metin út frá stöðu nemandans í TRAS, Orðaskilum og Hljóm-2
Stuðningur og eftirfylgni	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar	Kennarar og/eða aðrir fagaðilar
Samstarf heimilis og skóla	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf 	<ul style="list-style-type: none"> Dagleg samskipti Foreldraviðtöl Kynningarfundir Fréttabréf





1. bekkur

Matstæki	TRAS Skráning á málproska. 2,2-4,8 ára	Orðaskil Málproskapróf. 2,9-3,0 ára	Hljóm-2 Athugun á hljóð- og málvitund. 4,9-6,1 ára
Grunnþættir	<ul style="list-style-type: none"> ■ Samleikur/félagsfærni ■ Tjáskipti/samskipti ■ Athygli/einbeiting ■ Málskilningur ■ Málvitund ■ Framburður ■ Orðaforði ■ Setningamyndun 	Orðaforðagátlisti Setningagerð	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hljóðkerfisvitund ■ Rím ■ Samstöfur ■ Samsett orð ■ Hljóðgreining ■ Margræð orð ■ Orðhlutaeyðing ■ Hljóðtenging
Hvenær	Hver nemandi er skimaður á 6 mánaða fresti.		September, ekki síðar en um miðjan október. „Slök“ og „mjög slök“ færni aftur í janúar.
Hverjir	Allir nemendur í leikskólanum	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Kennarar með TRAS réttindi	Foreldrar fylla út Sérkennslustjóri/ deildarstjóri/ kennari reiknar niðurstöður.	Kennarar með Hljóm-2 réttindi
Hvað er gert við niðurstöður	Ef nemandi sýnir frávik er unnið með þá þætti markvisst að næstu skráningu. Ef framfarir nemanda eru ekki ásættanlegar er leitað álits annarra sérfræðinga.	Ef nemandi mælist einu staðalfráviki eða meira undir í orðaforða og/eða setninga-gerð jafnaldra þá er veitt viðeigandi íhlutun.	Nemendur, sem að mælast með „slaka“ eða „mjög slaka“ færni samkvæmt stöðlun prófsins, fá markvissa þjálfun í hljóðkerfisvitund og fari aftur í Hljóm-2.

Foreldrar eru hvattir til að fara með börn sín í 2 ½ og 4 ára skoðun hjá heilsugæslunni og í reglubundið eftirlit hjá tannlækni frá 2-3 ára aldri.

Matstæki	Lesskimun – lesferill	Stafakönnun	Lesferill
Grunnþættir lestrar	Málskilningur og orðaforði Bókstafa- og hljóðabekking Hljóðkerfisvitund	Kunna hljóð og tákni	Umskráning Nefnuhraði Sjónrænn orðaforði
Hvenær	Október	Ágúst, nóvember, febrúar, maí	Janúar og maí
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun út frá stöðu nemenda	Íhlutun út frá stöðu nemenda	Íhlutun út frá söðu nemenda Lesfímiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: <ul style="list-style-type: none"> ■ Lágmarksviðmið – 20 orð ■ Almenn viðmið – 55 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 75 orð
Stuðningur og eftirfylgni	Kennsla skipulögð eftir niðurstöðum. Niðurstöður kynntar leikskólum varðandi þeirra börn.		Kennsla skipulögð eftir niðurstöðum

Lestrarkennsla
<ul style="list-style-type: none"> ■ Markviss stafainnlögn ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla

2. bekkur

Matstæki	Stafakönnun	Lesferill
Grunnþættir lestrar	Bókstafa- og hljóðabekking	Umskráning Nefnuhraði Sjónrænn orðaforði
Hvenær	Ágúst, nóvember, febrúar, maí	September, janúar og maí
Hverjir	Nemendur sem voru ekki komnir með alla stafi í 1. bekk	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun út frá stöðu nemenda Kennsla skipulögð eftir niðurstöðum	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Vor:

- Lágmarksviðmið – 40 orð
- Almenn viðmið – 85 orð
- Metnaðarfull viðmið – 100 orð

Lestrarkennsla

- Lestur upphátt í skóla helst daglega
- Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn
- Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu
- Lestrarvænt umhverfi
- Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla



3. bekkur

Matstæki	Lesferill	Orðarún	LOGOS
Grunnþættir lestrar	Lesfimi Umskráning	Lesskilningur Orðaforði	Leshraði Lesskilningur
Hvenær	September, janúar og maí	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	Janúar
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari	Sérkennari með LOGOS réttindi
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu	Íhlutun út frá stöðu nemenda	Viðmið: frá 0 - 30. hundraðsraðar í leshraða Nemendur sem ekki ná viðmiðum fara á 8 vikna hraðlestrarnámskeið. Ski- mað aftur eftir námskeiðið.

Vor:

- Lágmarksviðmið – 55 orð
- Almenn viðmið – 100 orð
- Metnaðarfull viðmið – 120 orð

Lestrarkennsla

- Lestur upphátt í skóla helst daglega
- Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn
- Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu
- Lestrarvænt umhverfi
- Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla





4. bekkur

Matstæki	Lesferill	Orðarún	Samræmt könnunarpróf
Grunnþættir lestrar	Lesfimi Umskráning	Lesskilningur Orðaforði	Hljóðkerfisvitund Lesskilningur Orðaforði Umskráning
Hvenær	September, janúar og maí	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	September
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: ■ Lágmarksviðmið – 80 orð ■ Almenn viðmið – 120 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 145 orð	Íhlutun samkvæmt viðmiðum Orðarúnar	Farið yfir niðurstöður og unnið út frá þeim
Lestrarkennsla	<ul style="list-style-type: none"> ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla 		

5. bekkur

Matstæki	Orðarún	Lesferill
Grunnþættir lestrar	Lesskilningur Orðaforði	Lesfimi Umskráning
Hvenær	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	September, janúar og maí
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun samkvæmt viðmiðum Orðarúnar	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: ■ Lágmarksviðmið – 90 orð ■ Almenn viðmið – 140 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 160 orð
Lestrarkennsla	<ul style="list-style-type: none"> ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla 	



6. bekkur

Matstæki	Orðarún	LOGOS	Lesferill
Grunnþættir lestrar	Lesskilningur Orðaforði	Umskráning Lesfimi Lesskilningur Orðaforði	Umskráning
Hvenær	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	Október/nóvember	September, janúar og maí
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Sérkennari með LOGOS réttindi	Umsjónarkennari/ sérkennari

Hvað er gert við niðurstöður

Íhlutun samkvæmt viðmiðum Orðarúnar

Viðmið: frá 0 - 30. hundraðsraðar í leshraða. Nemendur sem ekki ná viðmiðum fara á 8 vikna hraðlestrarnámskeið. Skimað aftur eftir námskeiðið. Greina með LOGOS nemendur sem hafa ekki náð tilskildum árangri að námskeiði loknu.

Vor:

- Lágmarksviðmið – 105 orð
- Almenn viðmið – 155 orð
- Metnaðarfull viðmið – 175 orð

Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

- Lestrarkennsla**
- Lestur upphátt í skóla helst daglega
 - Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn
 - Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu
 - Lestrarvænt umhverfi
 - Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla



7. bekkur

Matstæki	Orðarún	Lesferill	Samræmt könnunarpróf
Grunnþættir lestrar	Lesskilningur Orðaforði	Lesfimi Umskráning	Umskráning Lesfimi Lesskilningur Orðaforði
Hvenær	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	September, janúar og maí	Október/nóvember
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari

Hvað er gert við niðurstöður

Íhlutun samkvæmt viðmiðum Orðarúnar

Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu


Farið yfir niðurstöður og unnið út frá þeim

Vor:

- Lágmarksviðmið – 120 orð
- Almenn viðmið – 165 orð
- Metnaðarfull viðmið – 190 orð

- Lestrarkennsla**
- Lestur upphátt í skóla helst daglega
 - Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn
 - Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu
 - Lestrarvænt umhverfi
 - Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla






8. bekkur

Matstæki	Orðarún	Lesferill
Grunnþættir lestrar	Lesskilningur Orðaforði	Umskráning Lesfimi
Hvenær	Haust (próf 1) Vor (próf 2)	September, janúar og maí
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Íslensku-/umsjónar-/sérkennari	Íslensku-/umsjónar-/sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun út frá stöðu nemenda Íhlutun samkvæmt viðmiðum Orðarúnar	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: ■ Lágmarksviðmið – 130 orð ■ Almenn viðmið – 180 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 210 orð
Lestrarkennsla	<ul style="list-style-type: none"> ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla 	

9. bekkur

Matstæki	LOGOS	Lesferill	Samræmt könnunarpróf
Grunnþættir lestrar	Umskráning Lesfimi Lesskilningur Orðaforði	Umskráning Lesfimi	
Hvenær	September/október	September, janúar og maí	Mars
Hverjir	Allir í árgangi	Allir í árgangi	Allir í árgangi
Hver prófar	Sérkennari með LOGOS réttindi	Íslensku-/umsjónar-/sérkennari	Umsjónarkennari/ sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Viðmið: frá 0 - 30. hundraðsraðar í leshraða Nemendur sem ekki ná viðmiðum fara á 8 vikna hraðlestrarnámskeið. Ski- mað aftur eftir námskeiðið. Greina með LOGOS nem- endur sem hafa ekki náð tilskildum árangri og hafa ekki áður farið í LOGOS greiningu. Staðfesting á eldri dyslexiugreiningum fyrir lok grunnskóla.	Íhlutun út frá stöðu nemenda Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: ■ Lágmarksviðmið – 140 orð ■ Almenn viðmið – 180 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 210 orð	Farið yfir niðurstöður og unnið út frá þeim.
Lestrarkennsla	<ul style="list-style-type: none"> ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla 		





10. bekkur

Matstæki	Lesferill
Hvenær	September, janúar og maí Lesfimiviðmið: fjöldi rétt lesinna orða á mínútu Vor: <ul style="list-style-type: none"> ■ Lágmarksviðmið – 145 orð ■ Almenn viðmið – 180 orð ■ Metnaðarfull viðmið – 210 orð
Hverjir	Allir í árgangi
Hver prófar	Íslensku-/umsjónar-/sérkennari
Hvað er gert við niðurstöður	Íhlutun fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð lágmarksviðmiðum
Lestrarkennsla	<ul style="list-style-type: none"> ■ Lestur upphátt í skóla helst daglega ■ Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn ■ Lestrarmenning í skólastofunni, lestur fær rými í stundatöflu ■ Lestrarvænt umhverfi ■ Lestrarfyrirmyndir: foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla

Hlutverk nemenda í læsi

Nemandi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri: „Mér finnst lestur vera undirstaða alls míns náms síðustu tíu árin. Ef ég hefði ekki lesturinn væri námið mitt frekar tilgangslaust þar sem ég fæ næstum allar mínar upplýsingar og vitneskju með lestri.“

Nemandi í Sunnulækjarskóla: „Hlutverk nemanda í sínu eigin lestrarnámi er ekki aðeins að fara eftir fyrirætlum kennara og þjálfra sig eftir hans óskum heldur líka að móta lestrarhestinn í sjálfum sér og skapa sinn eigin áhuga á bókmenntum. Þegar þú ert farinn að geta lesið sögu og spáð í það hvað höfundurinn var að hugsa þegar hann skrifaði hana, gert þér grein fyrir viðlíkingum og hvað er verið að reyna að tákna með þeim, auðveldlega túlkað stemmninguna og umhverfið í sögunni og haft gaman af hugmyndaflæði höfundar, þá ertu farinn að taka ábyrgð á eigin lestrarnámi.“

Nemandi í Vallaskóla: „Læsi er mikilvægt þar sem þú þarft að geta myndað þér þína eigin skoðun í mikilvægum málefnum. Læsi er einnig mikilvægt til þess að fólk geti tekið þig og þínar skoðanir alvarlega.“

Hlutverk foreldra í læsi í leikskóla og grunnskóla

■ Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna í framkomu, hegðun, samskiptum og tjáningu.

■ Ábyrgð foreldra:

- Að barnið fái nægan svefn
- Að barnið fái góða næringu
- Að sýna barninu umhyggju og hlýju

■ Lestur:

- Lesa fyrir barnið
- Lesa með barninu
- Heimalestur
- Hvetja barnið til frásagnar
- Ræða og útskýra lesefnið
- Lesa fjölbreytt efni í mismunandi miðlum við ýmis tækifæri
- Gera lestrarstundina jákvæða og skemmtilega

■ Hlusta á barnið, setja orð á alla hluti.

■ Kenna barninu að nota málið á fjölbreyttan hátt með umræðum, söng, rími, vísum og pulum.

■ Mikilvægt er að nota fjölbreyttan orðaforða og nota málið í mismunandi samhengi.



Tengsl málproska við lestur

Málproski og lestur eru tveir órjúfanlegir þættir. Lestur byggir á málkerfi sem er grundvallað á fimm meginþáttum sem allir gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi. Þessir þættir eru:

■ Merkingarfræði: málskilningur, orðaforði og hugtök.

■ Setningafræði: málfræðireglur sem segja til um hvernig orð raðast saman í setningar.

■ Myndunarfræði: merkingarbærir orðhlutar sem eru undirstaða fyrir málfræði tungumálsins.

■ Hljóðkerfi: máhljóð viðkomandi tungumáls og reglur um hvernig þau tengjast.

■ Málhegðun: viðeigandi boðskipti og vitundin um hvernig mál er notað á ólíkan hátt við mismunandi aðstæður (Gleason, 2005; Arnheiður Borg o.fl., 2009).

Vandi barns með málproskafrávik og lestrarörðugleika getur birst í öllum þáttum málsins.

Hann getur m.a. birst í takmörkuðum orðaforða, erfiðleikum með umskráningu, slökum málskilningi og erfiðleikum með beygingarfærði, hljóðkerfisvitund og framburð (Ehri og Snowling, 2004). Það er mikilvægt að leggja áherslu á að þessir þættir séu styrktir eftir þörfum með áherslu á skilgreinda málörvun út frá eðli málproskafrávika og lestrarörðugleika. Það stuðlar að því að öll börn fái kennslu við hæfi.

Tvítyngdir nemendur

Máltaka tvítyngdra barna er í eðli sínu svipuð máltöku eintýngdra barna, þó ekki allveg eins. Munurinn felst meðal annars í hraða máltökunnar en einnig í því að mál-in tvö virðast ekki allveg aðskilin að öllu leyti. Tvítyngd börn blanda málunum oft saman, jafnvel í sömu setningu, það er eðlilegur hluti af málnotkun tvítyngdra (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007).

Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að börn eiga auðveldara með að læra tungumál sem er skylt þeirra eigin móðurmáli. Það er vegna þess að það er einfaldara að tengja orð í móðurmáli við orð úr öðru tungumáli ef þau eru lík í framburði og í ritun (August o.fl., 2005).

Fjöldi rannsókna sýnir að orðaforði tvítyngdra barna er oftast minni en eintýngdra barna og hafa rannsóknir leitt í ljós að orðaforði hafi jafnvel meiri áhrif á lesskilning tvítyngdra barna en eintýngdra. Lítil orðaforði tvítyngdra barna virðist vera meginástæða hægra framfara í lesskilningi (Lervag og Aukrust, 2010).

Það hefur sýnt sig að þekking tvítyngdra barna á orðum, sem þau nota, er skert. Það á líka við um orð sem þau nota oft (August o.fl., 2005). Munurinn á ein- og tvítyngdum börnum getur aukist með aldri og er ástæðan talin að mestu leyti vera skortur á orðaforða (August o.fl., 2005; Lervag og Aukrust, 2010).

Sagt er að fullkomið jafnvægi milli tveggja tungumála sé sjaldgæft. Talað er um að sterkara tungumálið, eða það sem er notað oftar, þróist meira hjá börnum heldur en hitt tungumálið (Grosjean, 2010).

Tungumálafærni barnsins í tilteknu tungumáli fer eftir því hversu oft samræður eiga sér stað og hversu mikil gæði eru í þeim. Lykilatriði í réttri greiningu málproska tvítyngdra barna er ítarleg athugun á nánasta málumhverfi barnsins.

Greina þarf tungumálafærni barna á báðum tungumálum. Elín Þöll Þórðardóttir (2015) mælir með að nota staðalfrávik til þess að milda greiningarviðmið tvítyngdra barna.

- 1,50 – 1,75 fyrir sterkara tungumálið
- 1,75 – 2,0 ef tungumál eru í jafnvægi
- 2,25 – 2,5 fyrir veikara tungumálið

Með markvissum kennsluáferðum er hægt að koma til móts við börnin og veita þeim nauðsynlegan stuðning.



Orðskýringar

Hljóðtenging – Tengja saman hljóð með hlustun, t.d. H-Ú-S.

Hljóðgreining – Greina hljóð út úr orðum með því að hlusta eftir, t.d. heyrast M í mús.

Hljóðkerfisvitund – Tilfinning barns fyrir uppbyggingu tungumálsins. Sem dæmi má nefna rím, samsett orð, skiptingu orða í atkvæði og fleiri þætti.

Hljóm 2 – Aldursbundin skimun til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund í elsta árgangi í leikskóla. Slök færni bendir til hættu á lestrarerfiðleikum.

Íhlutun – Afskipti/inngríp. Brugðist við vísibendingum um vanda.

Leið til læsis – Stuðningskerfi í lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskóla. Vísbendingar um styrkleika og veikleika varðandi málskilning, orðaforða, bókstafi, hljóðþekkingu, hljóðkerfisvitund og hljóðavitund.

Lesskilningur – er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiði.

LOGOS – Greiningartæki til að greina lestrarerfiðleika hjá börnum, unglíngum og fullorðnum. Einnig notað sem skimunartæki.

Málskilningur/málvitund – felst í skilningi á mæltu máli en ekki færni til að nota málið. Málvitund felst í að geta hugsað um tungumálið og einnig leikið sér með mismunandi þætti þess.

Raddlestrarpróf – Lestrarfimi/leikni mæld. Leshraði prófaður.

TRAS – Skráning á málproska barna 2-5 ára. TRAS gefur yfirsýn yfir málproskaferil barns. Þar sést ágætlega hvaða þætti barnið er að þroska á þeim tímipunkti sem skráning fer fram (Íslenski TRAS hópurinn, 2013).

Umskráning – Að færa stafi yfir í hljóð og mynda orð.

Orðhlutaeyðing – Leikur með orð – taka orð í sundur, t.d. hvaða orð verður eftir ef orðið skóli er tekið burt úr orðinu skólataska.

Dyslexia/lesblind – er sértækir lestrarörðugleikar sem orsakast af taugafræðilegum ástæðum og koma fram sem erfiðleikar við umskráningu.

Orðarún – Lesskilningspróf fyrir 3.- 8. bekk.

Orðaskil – Málproskapróf er lagt fyrir öll þriggja ára börn í Árborg af foreldrum þeirra. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna svo og vald þeirra á beygingakerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málproski barna teljist falla innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998).

Heimildir og stuðningsrit

- Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Arnheiður Borg, Halldóra Haraldsdóttir o.fl. (2009). Talað mál og hlustun. íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- August, D., Carlo, M., Dressler, C. og Snow, C. (2005). The Critical Role of Vocabulary Development for English Language Learners. Learning Disabilities Research and Practice.
- Dagný Elfa Birnisdóttir, Rósa Eggertsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Orðarún. Miðstöð skólapróunar Háskólans á Akureyri, Akureyri.
- Ehri, L. C. og Snowling, M.J. (2004). Developmental variation in word recognition. Handbook of language and literacy. Development and disorders. Ritstjóri Apel, K. The Guilford Press, New York.
- Elín Thordardóttir. (2011). The relationship between bilingual exposure and vocabulary development. International Journal of Bilingualism.
- Elín Thordardóttir. (2015). Proposed Diagnostic Procedures for Use in Bilingual and Cross-Linguistic Contexts. Methods for assessing multilingual children: disentangling bilingualism from Language Impairment. Ritstjórn S. Armon-Lotem, J. de Jong og N. Meir. Multilingual Matters, Bristol.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). Orðaskil, málproskapróf, leiðbeiningar og aldursviðmið. Framsaga, Reykjavík.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Fjölmennningur á Íslandi. Ritstjórn Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson. Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Gleason, J.B. (2005). The Development of Language. Pearson, Boston.
- Grosjean, F. (2010). Bilingual: Life and Reality. Harvard University Press, Cambridge.
- Guðmundur Engilbertsson. (2010). Orð af orði - áhrif markvissrar orðakennslu á orðaforða og lesskilning nemenda. Háskólinn á Akureyri.
- Hvítbók um umbætur í menntun. (2014). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. <https://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/hvitbok/>
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2002). Hljóm-2. Handbók. Reykjavík.
- Íslenski TRAS hópurinn. (2013). TRAS, skráning á málproska ungra barna. Prenttækni, Kópavogur.
- Lervag, A. og Aukrust, V. G. (2010). Vocabulary knowledge is a critical determinant of the difference in reading comprehension growth between first and second language learners. Journal of Child Psychology and Psychiatry. Oslóháskóli.
- Skólastefna Árborgar 2013-2016. Fræðsluvið Árborgar.
- Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir, Jóhanna Ella Jónsdóttir, Sigurgímur Skúlason. (2011). Leið til læsis. Reykjavík.
- Torleiv Høien. LOGOS – LEXOMETRICA. Þýðendur Bjarnfríður Jónsdóttir o.fl. (2006).



Sveitarfélagið
ÁRBORG